



GÍSLI J. ÁSTÞÓRSSON

SÝNING Í TILEFNI AF ALDARMINNINGU 2023



Gísli J. Ástþórsson fæddist þann 5. apríl 1923. Hann var þekktur sem blaðamaður, ritstjóri, rithöfundur, leikritaskáld, myndasöguhöfundur og teiknari. Gísli lauk BA-prófi í blaðamennsku frá University of North Carolina í Bandaríkjunum árið 1945 og var fyrsti menntaði blaðamaður landsins.

Hann sló nýjan tón í blaðamennsku hér á landi og lagði áherslu á hnitmiðaðan fréttáflutning óháðan flokkspólítík. Að loknu námi réðst Gísli til Morgunblaðsins þar sem hann starfaði sem blaðamaður næstu fimm árin. Síðan vann hann ýmis störf, bæði til sjós og lands, og stofnaði meðal annars og ritstýrði fréttablaðinu Reykvíkingi sem kom út hálfsmánaðarlega með níu tölublöðum árið 1952.

Hann var svo ritstjóri Vikunnar frá 1953-1958 og Alþýðublaðsins frá 1958-1963. Það var á Alþýðublaðsárunum að fyrstu ádeilu-teikningar hans birtust við upphaf fyrsta þorskastríðsins 1958.


Teiknimyndasagan hans um Siggu Viggu, fiskvinnslustúlkuna í gúmmístígvélunum, birtist einnig fyrst í Alþýðublaðinu en síðar í Morgunblaðinu og nokkrum bókum.


Eftir að Gísli hætti sem ritstjóri Alþýðublaðsins vann hann um tveggja ára skeið á dagskrárdeild Ríkisútvarpsins, en sneri sér síðan að kennslu í gagnfræðaskóla. Hann réðst svo aftur til Morgunblaðsins árið 1973 þar sem hann starfaði til 1993 er hann lét af störfum vegna aldurs. Það var á þessum árum hans á Morgunblaðinu að ádeiluserían „Þankastrik“ leit dagsins ljós, en hún hélt svo áfram á Dagblaðinu eftir að Gísli hætti á Morgunblaðinu.

Eftir Gísli liggja skáldsögur, smásagnasöfn og leikverk, auk kilja með myndasögnum um Siggu Viggu og félagi. Gísli lést 25. ágúst 2012.



Gísli (lengst til hægri) á síld í Vopnafirði 1963.



 Landsbókasafn Íslands
Háskólabókasafn

Sýningin er sett upp í samstarfi við fjölskyldu Gísla J. Ástþórssonar
Umsjón af hálfu Landsbókasafns: Ólafur J. Engilbertsson
5. apríl 2023